

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Norðurþings vegna efnistökusvæða.

Skipulagsstofnun staðfesti 23. janúar 2019 breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 sem samþykkt var í sveitarstjórn 13. desember 2018.

Í breytingunni felst skilgreining fjögurra nýrra efnistökusvæða; norðan við Hólssel, Norðmelur, vestari Tjaldstæðisháls og Kjalarásnáma. Um er að ræða allt að 25.000 m<sup>3</sup> efnis á hverjum stað og verður efnið nýtt í viðhald á vegum í nágrenni þeirra.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 23. janúar 2019.*

F.h. forstjóra,

**Hafdís Hafliðadóttir.**

*Ottó Björgvin Óskarsson.*

—————  
B-deild – Útgáfud.: 6. febrúar 2019